



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 11. nóvember 2021
2111301/511.10 AKG

Efni: Beiðni um undanþágu frá kvöð um 60 ára og eldri vegna sölu á íbúð í Vogatungu 7

Undirritaðri hefur borist erindi frá MG Lögmönnum ehf. sem fyrir hönd erfingja dánarbús óska eftir undanþágu frá aldurskvöð vegna sölu á íbúð í húsi nr. 7 við Vogatungu, fastanúmer 206-6093. Á umræddri lóð er kvöð um að íbúðir á svæðinu séu aðeins fyrir 60 ára og eldri, sbr. 19. gr. lóðarleigusamnings um lóðina. Um kvöðina segir að á lóðinni skuli byggja íbúðir sem séu ætlaðar fólki 60 ára og eldra. Óheimilt sé að selja yngra fólki íbúðir á lóðinni, nema til komi sérstakt samþykki bæjarráðs Kópavogs. Við endursölu íbúða skulu þeir sem kaupa hafa náð 60 ára aldri, nema til komi sérstakt skriftlegt samþykki bæjarráðs Kópavogs hverju sinni.

Væntanlegur kaupandi er 59 ára gamall. Hann verður sextugur í júlí á næsta ári og vantar því 8 mánuði upp á í aldri.

Bæjarráð hefur heimild til að veita undanþágu frá aldursákvæðinu og hefur beitt þeirri heimild í tilvikum þar sem hjón sækja um undanþágu þegar aðeins annað hjóna hefur náð tilskildum aldri en hitt ekki. Viðmiðið fyrir maka hefur iðulega verið 1-2 ár en einu sinni hefur reynt á hærra frávik frá aldursákvæðinu þar sem bæjarráð samþykkti undanþágu á grundvelli þess að annað hjóna væri yfir sextugt á meðan hinu vantaði 6 ár upp á. Í þeim tilfellum þar sem hjón hafa sótt um undanþágu þar sem hvorugt þeirra hafði náð aldri hefur bæjarráð hafnað beiðninni.

Aðeins tvisvar sinnum hefur verið veitt undanþága í tilfelli einstaklings þar sem annars vegar 10 mánuði og hins vegar 4 ár vantaði upp á að kaupandi næði aldri. Með hliðsjón af fyrri fordæmum er lagt til að veitt verði undanþága fyrir sölu eignarinnar til kaupanda sem er undir aldursviðmiði skv. framansögðu.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur